



# Landspítali

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

September 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir.....	4
2.1	Athugasemdir.....	4
3	Viðbrögð Landspítala við athugasemdum og ábendingum.....	6
4	Fjárheimildir og rekstur .....	8
4.1	Fjárheimildir .....	8
4.2	Rekstrarátlanir .....	8
5	Innra eftirlit.....	9
5.1	Inngangur .....	9
5.2	Eftirlitsumhverfið .....	9
5.3	Innri endurskoðandi .....	9
6	Fylgni við lög og reglur.....	10
6.1	Inngangur .....	10
6.2	Ferðakostnaður .....	10
6.3	Opinber innkaup .....	10
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	11
7.1	Þjónustutekjur.....	11
7.1.1	Rannsóknir .....	11
7.1.2	Komugjöld.....	11
7.1.3	Daggjöld og ósjúkratryggðir.....	11
7.1.4	Sérfræðiþjónusta og aðrar tekjur .....	12
7.2	Laun.....	12
7.2.1	Launaframkvæmd .....	12
7.2.2	Gagnagreiningar.....	13
7.2.3	Nýráðningar .....	13
7.2.4	Miðlægar ákvarðanir um laun skortir .....	13
7.2.5	Föst yfirvinna .....	14
7.3	Rekstrarsvið.....	15
7.3.1	Fasteigna- og viðhaldsdeild.....	15
8	Endurskoðun efnahagsliða .....	16
8.1	Vörubirgðir .....	16
8.1.1	Samantekt um birgðir .....	16
8.1.2	Utan birgðakerfis .....	16
8.1.3	Í birgðakerfi.....	16
8.2	Innkaup .....	18
8.3	Viðskiptakröfur.....	18
8.4	Handbært fé .....	19
8.5	Lánardrottnar .....	19
9	Önnur atriði .....	21
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	21
9.2	Lögfræðibréf .....	21
9.3	Óhæðisyfirlýsingar .....	21
9.4	Atburðir eftir reikningskiladag.....	21

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun á ársreikningi Landspítala fyrir árið 2016.

Endurskoðun á ársreikningi spítalans var gerð í samræmi við lög nr. 56/2106 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Samkvæmt þeim ber starfsmönnum Ríkisendurskoðunar að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða svika. Við áhættumatið er m.a. tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á reikningsskilareglum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Rekstri og efnahag stofnunarinnar er skipt upp í ákveðna rekstrar- og efnahagsþætti og er endurskoðun beint að hverjum þætti fyrir sig. Kannaðir eru verkferlar og gildar verklagsreglur um innra eftirlit hvers þáttar. Áhætta á verulegum skekkjum vegna mistaka eða svika, að því gefnu að farið sé eftir öllum þeim verklagsreglum sem eru í gildi um hina ýmsu rekstrar- og efnahagsþætti, er metin.

Síðan er sannprófað hvort farið er eftir gildandi verklagsreglum um innra eftirlit hjá öllum rekstrar- og efnahagsþáttum. Niðurstöður um innra eftirlit hafa áhrif á þá gagnaskoðun sem talin er nauðsynleg. Gagnaskoðunin verður þá þeim mun meiri sem innra eftirlitið er metið lakara hjá einstökum þáttum.

Ársreikning Landspítala hefur Ríkisendurskoðun áritað með fyrirvaralausri áritun og er það álit hennar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu spítalans á árinu 2016, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Í endurskoðunarskýrslunni er greint frá framkvæmd og niðurstöðum endurskoðunarinnar. Skýrsludrög voru send til umsagnar hjá stjórnendum Landspítala og eru viðbrögð þeirra við athugasemdum og ábendingum sem fram komu í skýrslunni birt í kafla 3 og í einstökum köflum skýrslunnar eftir því sem við á.

## 2 Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir

Við endurskoðun viðskiptakrafna var kannaður aldursgreindur listi viðskiptamanna vegna viðskiptakrafna sem voru kr. 800.000 eða hærrí í árslok. Hér var um að ræða 160 kröfur samtals að fjárhæð 1.310,4 m.kr. sem var 69,5% af heildarfjárhæð viðskiptakrafna í árslok 2016. Sérstaklega var kannaður sá hluti þessara krafna sem var 60 daga og eldri. Farið var yfir hverja kröfu fyrir sig með deildarstjóra og starfsmönnum fjárstýringar auk bókhaldsstjóra Landspítala. Niðurstaðan var sú að kröfurnar voru allar í ákveðnu innheimtuferli. Loks var farið yfir og staðfest mat stjórnenda á niðurfærsluþörf viðskiptakrafna í árslok.

Við endurskoðun á handbæru fé voru send staðfestingarbréf til bankastofnana. Niðurstaðan var sú að allir bankareikningar, peningalegar eignir og skuldir Landspítala samkvæmt upplýsingum frá bönkunum eru í samræmi við bókhald. Þá var kannað hvernig staðið er að aðskilnaði fjármála og bókhalds. Þar kom fram sá annmarki að starfsmaður fjárstýringar annast afstemmingu bankareikninga en ekki starfsmaður bókhalds. Til að koma til móts við þennan annmarka var sett sú regla að bókhaldsstjóri staðfestir afstemmingar bankareikninga.

Endurskoðun lánardrottna fólst í því að leita staðfestinga á stöðu lánardrottna samkvæmt bókhaldi Landspítala með gögnum frá lánardrottnum innlendum og erlendum. Úrtakið tók til lánardrottna sem ná yfir 28,1% af heildarfjárhæð lánardrottna í árslok 2016. Niðurstaða könnunar var sú að allar stöður í úrtakinu í árslok var hægt að staðfesta með gögnum frá lánardrottnum.

Við endurskoðun þjónustutekna hjá Landspítala á árinu 2016 voru svið spítalans heimsótt. Farið var yfir verkferla og kannað hvort í þeim væri innfalið það innra eftirlit sem tryggja ætti að allar tekjur skiluðu sér. Niðurstaða endurskoðunar var sú að eftirlitsumhverfið á Landspítala er gott í sambandi við þjónustutekjur. Mikið er lagt upp úr að fara eftir ákveðnum verkferlum og settum reglum.

### 2.1 Athugasemdir

#### 1. Vörurýrnun

Niðurstaða útreikninga um vörurýrnun á árinu 2016 leiddi í ljós að vörurýrnun hjá Landspítala er langt yfir eðlilegum mörkum. Bregðast þarf við með betri skipulagningu og vinnubrögðum við birgðahald.

#### 2. Innkaupadeild

Við endurskoðun á innkaupadeild kom fram að ekki er alltaf unnið eftir innkaupakerfinu og verkferlum sem þar eiga við heldur eru tæki, lækningavörur, aðrar vörur og þjónusta pöntuð framhjá innkaupakerfinu. Talið er að allt að 20% innkaupa komi á þennan hátt inn á spítalann. Að mati Ríkisendurskoðunar er lykilatriði að stöðva öll framhjákaup. Þá er afar mikilvægt að innkaup spítalans verði gerð miðlæg og að innkaupadeildin verði efld til muna.

### 3. Launaframkvæmd

Endurskoðun á launum byggðist á því að fara yfir launaframkvæmd. Þá voru gerðar gagnagreiningar samkvæmt úrtaki. Gerð er athugasemd við það skipulag launaframkvæmdar að framkvæmdastjóri hvers sviðs taki launaákvæðanir á sínu sviði. Fyrirkomulag þetta veldur því að launaleynd er á milli sviðanna og skapar einnig grundvöll fyrir sérsamninga við einstaka starfsmenn sem enginn nema þátttakendur geta fylgst með. Eindregið er lagt til að launaákvæðanir verði miðlægar hjá Landspítala. Þá er einnig lagt til að fyrirkomulag fastrar yfirvinnu verði tekið til endurskoðunar.

## 3 Viðbrögð Landspítala við athugasemdom og ábendingum

### 1. Vörurýrnun

Stofnaður hefur verið stýrihópur til að bæta úr birgðarýrnun hjá Landspítala. Í stýrihópnum sitja framkvæmdastjórar þeirrar þriggja klínísku sviða sem glíma við mesta birgðarýrnun auk deildarstjóra innkaupadeildar. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs leiðir hópinn.

Á vegum stýrihópsins munu starfa þrjú verkefnahópar, einn hópur fyrir hvert þeirra klínísku sviða sem glíma við mestu birgðarýrnunina. Stýrihópur og verkefnahópar munu skoða og meta verkferla við skráningu vara inn og út af lager, stýringar á aðgengi að lagerhúsnæði, auk verkstjórnar við birgðastýringu. Forgangsröðun verkefna mun byggjast á umfangi rýrnunar og öryggi sjúklinga. Sett verður fram skýr ábyrgð á birgðahaldi.

Fyrir 2 árum var ráðinn verkefnastjóri fyrir vöru- og birgðastýringu á Aðgerðasviði. Verulegur árangur hefur náðst við lækun birgðarýrnunar á þeim tíma hjá skurðstofum á Hringbraut og verður sú vinna og reynsla sem þar hefur áunnist höfð til hliðsjónar við umbætur á öðrum lagerum.

### 2. Innkaupadeild

Á undanförunum árum hefur Landspítali unnið að endurskipulagningu og uppbyggingu innkaupadeildar. Stöðugildum hefur verið fjölgað úr 21 á árinu 2012 í 24 og menntunarstig starfsmanna hækkað þar sem við átti. Aðgengi að lögfræðiráðgjöf hefur einnig verið stórbætt með ráðningu lögfræðings sem sérhæfir sig í innkaupum og samkeppnismálum. Eftir sem áður er aðkeypt ráðgjöf nýtt ef þurfa þykir. Verkferlar deildarinnar hafa verið endurskoðaðir og skýrðir og ýmsar nýjungar innleiddar, svo sem formlegt birgjamat og atvikaskráning. Útboðsgögn fyrir helstu innkaupaflokka hafa verið yfirfarin og stöðluð í samvinnu við Ríkiskaup.

Undanfarna mánuði hefur starfshópur skipaður af forstjóra Landspítala unnið að gerð samkeppnisréttaráætlunar. Samhliða þeirri vinnu hefur innkaupadeild ásamt lögfræðideild unnið að því að uppfæra innkaupareglur spítalans með það að markmiði að ná enn betur utan um öll kaup á spítalanum og mun samkeppnisréttaráætlun styðja vel við þau áform. Á fundi framkvæmdastjórnar Landspítala þann 11. september sl. var samkeppnisréttaráætlun kynnt og innleiðing hennar sett í farveg. Jafnframt voru drög að uppfærðum innkaupareglum kynnt. Nú er unnið að lokafrágangi nýrra reglna sem síðan verða kynntar samhliða samkeppnisréttaráætluninni. Áætlað er að innleiðingu verði að fullu lokið fyrir 1. janúar 2018.

Samkeppnisréttaráætlun og innkaupareglur gera m.a. kröfur um að öll innkaup spítalans fari fram miðlægt í gegnum innkaupadeild og að innkaupadeild verði styrkt til muna í þessum tilgangi. Unnið er að því á innkaupadeild að greina umfang viðbótar verkefna sem munu færast á deildina við þessar breytingar og áætla mannaflapörf og annan kostnað. Áætlað er að þeirri vinnu verði lokið fyrir lok september 2017.

### 3. Launaframkvæmd

Á vordögum 2017 var opnað fyrir rafrænan aðgang mannauðsráðgjafa að launaupplýsingum milli sviða, og hafa þeir nú sama lesaðgang og starfsmenn sem starfa að í kjaramálum á og

launavinnslu á mannauðssviði. Tilgangurinn með þessu var að auðvelda samanburð, en ekki var um að ræða neina stefnubreytingu þá.

Framkvæmdastjórn spítalans hefur leitast við að tryggja að sérsamningar við starfsmenn séu byggðir á málefnalegum forsendum. Einmitt í því augnamiði var umræða um þá tekin upp á vettvangi framkvæmdastjórnar á árinu 2015. Því telur Landspítali það ekki rétt að mikil leynd hvíli yfir þessum samningum, þar sem þeir eru byggðir á þörf á tilteknum einingum sem rædd hefur verið í framkvæmdastjórninni. Þá ber að geta þess að framkvæmdastjóri mannauðssviðs, starfsmenn við kjarápróun á mannauðssviði og starfsmenn launadeildar, auk mannauðsráðgjafa sviða, höfðu allir fullan aðgang að undirrituðum samningum, auk uppflettiðgangs í kerfum, allt árið 2016.

Loks má geta þess að á vormánuðum 2017 var launadeild flutt af fjármálasviði yfir á mannauðssvið í því sjónarmiði að samræma og styrkja ýmsa ferla er lúta að mannauðs- og launamálum.

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Á fjárlögum ársins 2016 voru Landspítala ætlaðar 51.013,9 m.kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáraukalögum 2016 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 1.611,9 m.kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2016 voru því samtals 52.625,8 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Ársreikningur	Frávik
	2016	2016	2016	2016
Laun og launatengd gjöld	-41.129.700	-41.585.794	-43.552.358	-1.966.564
Önnur rekstrargjöld	-12.369.900	-13.387.000	-15.000.212	-1.613.212
Rekstrartekjur	4.369.200	4.369.200	7.967.906	3.598.706
<b>Rekstrarniðurstaða</b>				<b>18.929</b>
Fjárfestingar	-1.883.600	-2.022.246	-2.505.770	-483.524
Styrkir og gjafir til fjárfestinga			303.645	303.645
Vextir og gengismunur			75.921	75.921
<b>Mism. rekstrargj. og sértekna</b>	<b>-51.013.900</b>	<b>-52.625.839</b>	<b>-52.710.868</b>	<b>-85.029</b>

Rekstur ársins 2016 var því 85.029 þús.kr. umfram fjárheimildir ársins.

### 4.2 Rekstraráætlanir

Gerð er rekstraráætlun fyrir Landspítala. Stöðugt er fylgst með því af hálfu spítalans og Fjársýslu ríkisins hvernig reksturinn yfir árið þróast í samanburði við rekstraráætlanir.



## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 5.2 Eftirlitsumhverfið

Eftirlitsumhverfið hjá Landspítala er almennt gott. Fyrir liggja skráðar og óskráðar verklagsreglur um innra eftirlit á flestum sviðum. Fyrir hendi er ákveðin menning að þessu leyti. Yfirmenn leggja áherslu á að farið sé eftir þessum verklagsreglum og almennt virða starfsmenn það og leggja sig fram um að fara eftir settum reglum.

### 5.3 Innri endurskoðandi

Þrátt fyrir að eftirlitsumhverfið sé almennt gott er mjög bagalegt að enginn innri endurskoðandi skuli vera hjá Landspítala. Hér er um að ræða langstærstu stofnun landsins. Á árinu 2016 voru að meðaltali 5.136 starfsmenn við spítalann. Starfsemin er ekki einföld. Mikill fjöldi verkferla eru í gangi á hinum ýmsu sviðum. Til að tryggja að unnið sé nákvæmlega eftir ákveðnum verkferlum þurfa innri endurskoðendur að sannreyna það. Ríkisendurskoðun leggur því til að stjórnendur yfirfari þessa þörf og geri ráðuneytunum grein fyrir því með ósk um fjárveitingu. Ný lög um opinber fjármál leggja áherslu á nauðsyn innri endurskoðunar.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

### 6.2 Ferðakostnaður

Landspítali hefur sett sér verklagsreglur sem tengjast ferðum starfsmanna erlendis. Verklagsreglurnar byggja á reglum nr. 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

Landspítali notar svokallað Ferðauppgjörskerfi sem er sérsniðið kerfi, tengt Orra og þróað í náninni samvinnu við stofnunina. Umsjónarmaður Ferðauppgjörkerfisins er staðsettur innan launadeildar vegna náinna tengsla við kjarasamningsbundin námsleyfisréttindi heilbrigðisstarfsmanna og fjarvistarréttindi.

### 6.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur um opinber innkaup eru fyrir hendi hjá Landspítala. Til áréttingar má nefna að fasteigna- og viðhaldsdeild innan rekstrarsviðs eru með verklagsreglur um opinber útboð og einnig örútboð gegnum rammisamning Ríkiskaupa.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

### 7.1 Þjónustutekjur

Þjónustutekjur eru að stærstum hluta tekjur spítalans af heilbrigðisþjónustu til einstaklinga vegna rannsókna, bráða- og göngudeildarþjónustu, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Í m.kr.	2016	2015
Rannsóknir	1.659,6	1.333,4
Komur á göngudeild og bráðadeildir	881,3	743,8
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum	712,9	657,1
Sérfræðiþjónusta og aðrar tekjur	870,4	932,0
<b>Samtals</b>	<b>4.124,2</b>	<b>3.666,4</b>

Meginmarkmiðið með endurskoðun þjónustutekna er heild. Endurskoðunin beindist að greiningu verkferla við einstaka tekjuflokka og könnun á innra eftirlit í hverjum flokki fyrir sig. Í því sambandi voru öll svið spítalans heimsótt.

#### 7.1.1 Rannsóknir

Þjónustutekjur vegna rannsókna námu 1.659,6 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 1.334,4 m.kr. árið 2015. Rannsóknarsviðið skiptist í fimm megindeildir, þ.e. rannsóknadeild, ónæmisfræðideild, sýklafræðideild, veirufræðideild og meinafræðideild.

Á rannsóknarsviðinu eru gerðar fjölmargar rannsóknir á hverju ári. Þær rannsóknir enda ekki allar á þann veg að þeim sé lokið og niðurstaða fengin. Þegar rannsóknnum er lokið fara niðurstöður inn í Vigrakerfið en þar er haldið utan um gjaldskrár og reiknireglur. Vigrakerfið skilar síðan vikulega reikningsupplýsingum inn í Orra þar sem endanlegir reikningar eru gerðir. Sammerkt með tekjumyndun fyrir Landspítala, vegna allra þessara rannsókna, er sá veikleiki að ekki hefur enn tekist að koma á fót afstemmingarkerfi sem stemmir af þær rannsóknir sem lokið er og þær rannsóknir sem fara inn í Vigrakerfið. Lagt er eindregið til að úr þessu verði bætt.

Til viðbótar falla undir rannsóknarsvið röntgendeild og erfða- og sameindalæknisfræðideild. Allir sem koma á röntgendeild eru skráðir.

#### 7.1.2 Komugjöld

Þjónustutekjur vegna greiðslu sjúklinga fyrir þjónustu göngudeilda og bráðadeilda námu 881,3 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 743,8 m.kr á árinu 2015. Sjúklingar sem leita á bráðadeild og aðrar göngudeildir eru skráðir inn á spítalann. Eftirlitið fer fram kerfislega hjá fjármálasviði og felst í afstemmingum, þ.e. að stemma útgefna reikninga á komudeildunum við innskráningargögnin. Þannig kemur í ljós ef einhver hefur skráð sig inn á göngudeild án þess að reikningur hafi verið gerður og er þá bætt úr því.

#### 7.1.3 Daggjöld og ósjúkratryggðir

Þjónustutekjur vegna daggjalda og ósjúkratryggðra námu 712,9 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 657,1 m.kr. á árinu 2015. Ósjúkratryggðir einstaklingar eru sérmerktir í Sögukerfinu og

teknir eru listar úr kerfinu daglega. Ósjúkratryggðir eru Íslendingar sem búa erlendis eða koma heim eftir langa dvöl erlendis (6 mánaða regla) og útlendingar sem þurfa á þjónustu spítalans að halda meðan þeir dvelja á landinu.

#### 7.1.4 Sérfræðiþjónusta og aðrar tekjur

Þjónustutekjur vegna sérfræðiþjónustu og annarrar þjónustu námu 870,4 m.kr. á árinu 2016 en voru 932,0 m.kr. á árinu 2015. Sérfræðiþjónusta er reikningsfærð á hinum ýmsu sviðum spítalans. Á hverju sviði eru fjármálaráðgjafar sem hafa umsjón með reikningagerð. Almenni verkferillinn er sá að fjármálaráðgjafi viðkomandi sviðs fær í hendur afrit samninga á bak við veitta þjónustu. Hann sendir síðan beiðni til reikningshaldsdeildar spítalans um að gera reikning í samræmi við samninginn. Síðan geta fjármálaráðgjafarnir fylgst rafrænt með hvort búið er að gera reikninginn sem þeir óskuðu eftir og einnig hvort hann sé réttur.

Við endurskoðun ársins 2016 voru langflest svið spítalans heimsótt og farið yfir verkferla vegna þjónustutekna og kannað hvort í verkferlunum væri innfalið það innra eftirlit sem ætti að tryggja að allar tekjur skiluðu sér.

Niðurstaða endurskoðunar var sú að eftirlitsumhverfið þjónustutekna á Landspítala er gott. Mikið er lagt upp úr að fara eftir ákveðnum verkferlum og settum reglum.

## 7.2 Laun

Laun og launatengd gjöld námu 43.552,4 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 38.644,8 m.kr. á árinu 2015. Hækkun milli ára er 12,7%. Meðalfjöldi starfsmanna var 5.136 á árinu 2016 en var 4.923 á árinu 2015. Laun og launatengd gjöld á árinu 2016 voru 71,3% heildargjalda ársins.

#### 7.2.1 Launaframkvæmd

Spítalanum er skipt upp í sjö klínísk svið þar sem framkvæmdastjóri fer með ráðningarvald. Á hverju sviði eru fjármálaráðgjafi og mannauðsráðgjafi framkvæmdastjóranum til aðstoðar. Sérstakt mannauðssvið (15 starfsmenn) er starfandi á spítalanum. Mannauðssviðið sér um mannauðsmál og starfsmannastjórn á spítalanum undir stjórn framkvæmdastjóra. Þá eru á spítalanum fjögur stoðsvið og skrifstofa yfirstjórnar sem skiptist í starfseiningar.

Mannauðssviðið hefur umsjón með sérstöku ráðningarkerfi sem mannauðsráðgjafar einstakra sviða nota við utanumhald á ráðningarferlum. Í kerfinu eru upplýsingar úr stofnanasamningum og kjarasamningum sem mannauðsráðgjafar nota við að finna rétt laun fyrir hvern starfsmann.

Þegar búið er að ganga frá ráðningu er ráðningarsamningur gerður og staðfestur af réttum aðilum.

Framkvæmdastjóri, með mannauðssviðið sér til aðstoðar, taka ákvarðanir um launabreytingar á hverju sviði fyrir sig. Starfsmenn hafa rétt til að fara fram á að laun þeirra séu endurskoðuð eftir ákveðnum vinnureglum.

Allir starfsmenn eru í Vinnustund og hver einstaklingur stimplar sig inn og út. Deildarstjóri eða viðkomandi yfirmaður hefur eftirlit með að skráning í Vinnustund sé rétt og samþykkja þeir unna tíma hjá hverjum starfsmanni. Síðan fara gögnin til launafulltrúa á launadeild sem fara

yfir gögnin og kanna hvort allt sé rétt gert og ekkert óeðlilegt sé við vinnuskil viðkomandi starfsmanns. Launadeildin sér síðan um að gögnin úr Vinnustund séu flutt yfir í launakerfið.

### 7.2.2 Gagnagreiningar

Launagögn voru greind í greiningarforriti og mikilvægir ferlar skilgreindir. Einnig voru breytingar milli sviða og deilda skoðaðar.

### 7.2.3 Nýráðningar

Skoðað var úrtak nýráðinna starfsmanna og kannað hvort störfin voru auglýst. Í úrtakinu voru 11 einstaklingar. Niðurstaðan var sú að tveir voru ráðnir án auglýsingar. Þá var tekið 32 manna úrtak launþega og kannað hvort ráðningarsamningar liggi fyrir með undirskrift yfirmanns. Laun skv. samningi voru borin saman við greidd laun og rökstuðningur fyrir launabreytingum kannaður. Ekki eru gerðar athugasemdir.

### 7.2.4 Miðlægar ákvarðanir um laun skortir

Kannaðar voru launaákvarðanir eftir sviðum. Fram kom að hvert hinna klínísku sviða tekur sínar eigin launaákvarðanir og er því ekki fyrir hendi miðlæg stjórn launamála hjá spítalanum. Þetta veldur því að launaleynd myndast milli einstakra sviða. Þegar ráða á sérhæfðan starfsmann á svið A er ekki hægt að fá vitneskju um laun sambærilegs starfsmanns á sviði B. Þetta skapar erfiðleika fyrir forsvarsmenn launadeildar auk þess sem stjórn launamála verður ómarkviss. Lagt er eindregið til að tekin verði upp miðlæg stjórn launamála á spítalanum.

Nokkuð er um að gerðir eru sérsamningar við starfsmenn. Enginn nema viðkomandi framkvæmdastjóri og viðkomandi starfsmaður vita um hvað þessir sérsamningar fjalla vegna framangreindrar launaleyndar sem hlýtur að teljast óþægilegt fyrirkomulag.

Landspítali gerir eftirfarandi athugasemdir við umfjöllunina um þessa framkvæmd:

Launaákvarðanir á Landspítala fylgja mjög skýrt afmörkuðu kerfi heimilda til launaröðunar, sem byggist á gildandi kjara- og stofnanasamningum. Mannauðssvið Landspítala hefur útbúið sérstakt stoðskjal "Hækjuna" sem dregur saman allar helstu forsendur launaröðunar í þeim samningum sem gilda á hverjum tíma og stjórnendur nota það skjal almennt við launaákvarðanir. Sú staðreynd að allar heimildir til launahækkana koma skýrt fram í "Hækjunni" veldur því að ekki er mikil þörf fyrir að stjórnendur skoði launasetningu á öðrum sviðum áður en ákvarðanir eru teknar.

Mannauðsráðgjafar þekkja enn fremur mjög vel heimilar forsendur launaröðunar og ráðleggja stjórnendum í samræmi við það. Ef stjórnendur hins vegar hafa talið þörf á að afla sér upplýsinga um laun á öðrum sviðum í tengslum við þetta ferli, þá hefur mannauðsráðgjöfum, starfsmönnum í kjarapróunarteymi mannauðssviðs og deildarstjóra launadeildar verið algerlega heimilt að veita hverjum öðrum upplýsingar um laun, og það var gert á árinu 2016, samkvæmt gagnkvæmum beiðnum. Ástæðan fyrir því að slíkar beiðnir voru ekki margar á árinu liggur í ofangreindum skýrleika varðandi heimildir samkvæmt kjara- og stofnanasamningum. Í ljósi þess að heimilt er að veita gagnkvæmar upplýsingar um laun er hugtakið "launaleynd" ekki lýsandi að mati Landspítala.

### 7.2.5 Föst yfirvinna

Gerð var könnun á fastri yfirvinnu. Fram kom að 117<sup>1</sup> launþegi Landspítala fékk greidda 48 tíma eða fleiri á mánuði í fasta yfirvinnu. Þeir 17 starfsmenn sem voru með flesta fasta yfirvinnutíma voru skoðaðir sérstaklega. Samkvæmt samningum voru einstaklingar í úrtakinu með 22.128 fasta yfirvinnutíma yfir árið eða að meðaltali 1.302 vinnutíma á hvern launþega sem samsvarar 108 föstum yfirvinnutímum að meðaltali á mánuði.

Forsvarsmenn launadeildar voru spurðir um ástæður fyrir svona mikilli fastri yfirvinnu. Sú skýring sem var gefi var að stofnanasamningar starfsmanna ríkisins væru alltof þröngir og því yrði að brúa bilið milli raunverulegra launa og launa samkvæmt kjara- og stofnanasamningum með þessum hætti. Lagt er til að þetta fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar.

---

<sup>1</sup> Tala leiðrétt 2.1.2018

## 7.3 Rekstrarsvið

### 7.3.1 Fasteigna- og viðhaldsdeild

Við endurskoðun ársins 2016 var fasteigna- og viðhaldsdeild rekstrarsviðs könnuð sérstaklega. Þar starfa um 50 starfsmenn, 45 í viðhaldsdeild en fimm í fasteignadeild. Á árinu 2016 var unnið að eftirfarandi stórum verkefnum:

- ✓ Komið var upp gámaskrifstofum í Fossvogi.
- ✓ Stækkuð æðapræðingastofa og innréttuð ný skurðstofa.
- ✓ Rakaskemmdir komu fram á geðdeild 33C. Stór hluti deildarinnar var endurnýjaður á árinu.
- ✓ Ýmsar utanhússviðgerðir skv. örútboðum.
- ✓ Hlutdeild í jáeindaskannaverkefni.

Deildin rekur tvö trésmíðaverkstæði, tvö rafmagnsverkstæði og eitt málningarverkstæði.

Kannað var innra eftirlit við samþykkt reikninga. Eftirfarandi reglur eru í gildi:

- ✓ Fyrst áritar sá starfsmaður sem tekur við vörunni reikninginn
- ✓ Næsti yfirmaður, verkstjóri eða rekstrarstjóri áritar reikninginn
- ✓ Deildarstjóri áritar reikninginn til greiðslu

Þegar um er að ræða fasta reglulega gjaldareikninga árita aðeins rekstrarstjóri og deildarstjóri reikningana.

Sértekjur deildarinnar eru aðallega vegna útleigu íbúða til starfsmanna o.fl. Endanleg reikningagerð vegna sértekna deildarinnar er gerð í reikningshaldsdeild Landspítala.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

### 8.1 Vörubirgðir

#### 8.1.1 Samantekt um birgðir

Landspítali rekur marga birgðalagera sem skiptast í tvo meginflokkka. Annars vegar birgðalagera þar sem fært er birgðabókhald og hins vegar lagera þar sem ekki er haldið birgðabókhald.

#### 8.1.2 Utan birgðakerfis

Í skipulagseiningum þar sem ekki er haldið birgðabókhald eru vörur á lager taldar tvisvar á ári og birgðabreytingin færð til hækkunar eða lækkunar á vörunotkun. Birgðaverðmæti hjá lagerum utan kerfis er:

Deild (í þús.kr.)	Staða 31.12.2016
Röntgendeild	3.639
Meinafræðideild	5.575
Rannsóknarkjarni	30.313
Sýklafræðideild	25.256
Veirufræðideild	12.947
Ónæmisfræðideild	3.328
Erfða- og sameindafræðideild	5.230
Blóðbankinn	11.280
<b>Alls</b>	<b>97.568</b>

Hér er almennt um litlar einingar að ræða og því ekki fært rafrænt birgðabókhald.

#### 8.1.3 Í birgðakerfi

Vörur sem skráðar eru í birgðabókhald eru taldar tvisvar á ári og í framhaldinu eru þær leiðréttar og birgðabreyting færð. Birgðaverðmæti lagera í birgðabókhaldi er:

Deild (í þús. kr.)	Staða 31.12.2016
Skurðstofur Hringbraut	100.826
Skurðstofur kvennadeild	4.347
Skurðstofur Fossvogi	114.294
Speglun	20.271
Hjarta- og æðaþræðing Hringb.	76.822
Æðaþræðing Fossvogi	41.811
Rannsóknarkjarni	14.824
Lyfjapjónusta	148.717
Lyfjapjónusta afgreiðsluapótek	61.335
Þvottahús	15.043
Dauðhreinsun Tunguhálsi	867
Eldhús	13.929
Birgðastöð Tunguhálsi	51.326
<b>Alls</b>	<b>664.412</b>



Vörurýrnun og í framhaldi birgðabreyting til lækkunar er færð tvisvar á ári í framhaldi af talningum. Vörurýrnun 2016 er eftirfarandi:

Deild ( í þús.kr.)	Vörurýrnun 2016
Skurðstofur Hringbraut	10.651
Skurðstofur kvennadeild	0
Skurðstofur Fossvogi	55.264
Speglun	17
Hjarta- og æðaþræðing Hringbr.	11.339
Æðaþræðing Fossvogi	24.322
Rannsóknarkjarni	2.126
Lyfjapjónusta	7.980
Lyfjapjónusta, afgreiðsluapótek	1.093
Þvottahús	1.947
Dauðhreinsun Tunguhálsi	29
Eldhús	3.098
Birgðastöð Tunguhálsi	3.644
<b>Alls</b>	<b>121.510</b>

Niðurstöður framangreindra útreikninga um vörurýrnun hjá Landspítala á árinu 2016 sýna að vörurýrnun er mjög mikil. Almennt er talið að óskýrð vörurýrnun sé á bilinu 0-1%. Samanber töflu hér að framan varð vörurýrnunin 121.510 þús.kr. á árinu 2016 sem er 18,3% af vörubirgðum í árslok. Sambærileg tala í árslok 2015 var vörurýrnun að fjárhæð 111.961 þús.kr. sem var 17,6% af vörubirgðum í árslok. Þessar niðurstöður um vörurýrnun síðustu tveggja ára eru langt yfir eðlilegum mörkum og hljóta að kalla á tafarlaugar aðgerðir af hálfu Landspítala.

Það sem gerist er að vörur hafa verið teknar út af birgðalager en úttektin ekki skráð í birgðakerfið.

Svonefnd +vörurýrnun er einnig fundin og birgðabreyting til hækkunar færð tvisvar á ári í framhaldi af talningum. Almennt ætti +vörurýrnun ekki að vera til staðar en hjá Landspítala er +vörurýrnun 8,9%.

Það sem gerist er að vörum sem skráðar hafa verið út af birgðum er skilað aftur af einhverjum ástæðum en vörurnar ekki skráðar aftur inn á birgðir.

Ef vörurýrnun er nettúð saman, þ.e. hefðbundin vörurýrnun sem er 18,7% og +vörurýrnun sem er 8,9%, þá er nettó vörurýrnun 9,8%.

Samkvæmt þessum niðurstöðum (brúttó eða nettó) er ljóst að vörurýrnun hjá Landspítala er langt yfir eðlilegum mörkum. Nauðsynlegt að bregðast við með betri skipulagningu og vinnubrögðum við birgðahald.

## 8.2 Innkaup

Ferill innkaupa á vörum og þjónustu fer eftir fjárhæð viðskiptanna og tíðni þeirra. Landspítali heldur úti innkaupadeild sem sér um innkaup á vörum og þjónustu. Deildin heldur úti innkaupakerfi og sér um útboð, samningagerð og önnur verkefni sem koma að innkaupum. Haldið er úti sérstakri vefverslun, þar sem starfsmenn spítalans geta nálgast vörur, sem innkaupadeildin hefur keypt og þar með fært vöruna úr birgðabókhaldinu til gjalda á viðfang viðkomandi verkefnis. Í innkaupakerfi spítalans eru samningar sem gerðir hafa verið við birgja settir inn og að uppfylltum skilyrðum setur kerfið pöntun af stað. Pöntunartillaga er samþykkt af starfsmanni deildar og fer síðan rafrænt til viðkomandi birgis sem afhendir vöruna. Þegar birgir afhendir vöru og sendir reikning er einingaverð reiknings svo borið saman við samninginn. Ef allt er samkvæmt væntingum fer reikningurinn til greiðslu.

Kannanir leiddu í ljós að ekki er alltaf unnið eftir framangreindu innkaupakerfi og verkferlum sem þar eiga við, heldur eru lækningavörur, tæki, vörur og þjónusta pantaðar framhjá innkaupakerfinu. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar benda til að um 20% vörukaupa fari á þennan hátt inn á spítalann.

Nú er verið að vinna að svonefndri samkeppnisréttaráætlun fyrir Landspítala sem á að stuðla að gagnsæum viðskiptum og öflugri samkeppni. Landspítali er stærsti kaupandi almennrar og sérhæfðrar lækningavöru. Því má segja að Landspítali hafi markaðsráðandi stöðu sem kaupandi á sviði heilbrigðisvara.

Eftir skoðun á innkaupamálum Landspítala er niðurstaðan sú að gera þarf breytingar á fyrirkomulagi innkaupa. Þar er lykilatriði að stöðva öll framhjákaup, innkaup spítalans verði miðlæg og innkaupadeildin eflað til mikilla muna.

## 8.3 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur Landspítala námu 1.722,6 m.kr. í árslok 2016 samanborið við 1.527,8 m.kr. í árslok 2015.

Í m.kr.	2016	2015	%
Sjúkratryggingar Íslands	661,3	587,2	12,6
Heilbrigðisstofnanir	186,3	196,1	-5,0
Erlendir viðskiptamenn	246,5	216,0	22,5
Fyrirtæki og stofnanir	229,9	195,3	17,7
Einstaklingar	150,0	152,1	-1,6
Komugjöld	274,8	271,9	1,1
Rannsóknir og vísindaverk	19,1	8,4	176,2
Kreditkortaviðskipti – göngudeild	42,2	33,5	26,0
Aðrar kröfur	57,3	68,6	-16,5
<b>Samtals</b>	<b>1.885,4</b>	<b>1.729,6</b>	<b>9,0</b>
Niðurfærsla í árslok	-162,8	-201,8	
<b>Kröfur skv. efnahagsreikningi 31.12.2016</b>	<b>1.722,6</b>	<b>1.527,8</b>	<b>12,8</b>

Samkvæmt töflunni hér að ofan nemur hækkun viðskiptakrafna milli ára um 12,8%.

Kannaðar voru viðskiptakröfur sem voru kr. 800.000 eða hærri í árslok. Um var að ræða 160 kröfur samtals að fjárhæð 1.310,4 m.kr. sem er 69,5% af heildarfjárhæð viðskiptakrafna í árslok.

Könnuð var aldursdreifing þessara 160 viðskiptakrafna í árslok. Niðurstaðan var sú að 101 krafa af 160 var 60 daga og eldri. Nánari skoðun á kröfum 60 daga og eldri leiddi í ljós að 57 kröfur af 101 voru kröfur á útlendinga. Farið var yfir hverja kröfu 60 daga og eldri með deildarstjóra og starfsmanni fjárstýringar og bókhaldsstjóra Landspítala. Niðurstaðan var sú að kröfurnar eru allar í ákveðnu innheimtufarli.

Farið var yfir mat á niðurfærsluþörf viðskiptakrafna í árslok. Niðurfærslureikningurinn stóð í 201,6 m.kr. í ársbyrjun. Metin niðurfærsluþörf útistandandi krafna í árslok var samtals 201,8 m.kr. Endanlega tapaðar kröfur á árinu 2015 voru 136,0 m.kr. Samkvæmt því var framlag á niðurfærslureikninginn fært til gjalda í árslok 136,2 m.kr. Metin niðurfærsluþörf í árslok var staðfest.

## 8.4 Handbært fé

Handbært fé nam 24,4 m.kr. í árslok 2016 samanborið við 30,4 m.kr. í lok fyrra árs. Endurskoðun á handbæru fé byggðist á tveimur þáttum. Annars vegar var sent staðfestingarbréf til allra bankastofnana og hins vegar voru hefðbundnar bankaafstemmingar staðfestar.

Í staðfestingarbréfi til allra bankastofnana var óskað eftir margvíslegum upplýsingum varðandi viðskipti, eignir, skuldir og bankareikninga í árslok 2016. Óskað var eftir stöðu bankareikninga, upplýsingum um verðbréf, fjárvörslureikninga, skuldastöðu, ábyrgðir og skuldbindingar vegna þriðja aðila. Þá komu fram upplýsingar um prókúruhafa bankareikninga.

Markmiðið með athuguninni var m.a. að staðfesta að upplýsingar um viðskipti við bankastofnanir séu í samræmi við það sem bókfært er hjá Landspítala og að skráðir prókúruhafar bankareikninga séu réttir. Niðurstaðan var sú að allir bankareikningar, peningalegar eignir og skuldir Landspítala samkvæmt upplýsingum frá bönkunum eru í samræmi við bókhald. Þá staðfestu upplýsingar frá bönkunum hverjir eru prókúruhafar bankareikninga.

Skipulega er staðið að fjármálum hjá spítalanum. Strangar reglur gilda um hverjir geta greitt reikninga og er fullur aðskilnaður fjármála og bókhalds. Aðeins þrír starfsmenn hafa prókúru að bankareikningum. Aðrir geta ekki greitt reikninga fyrir spítalann. Sá annmarki varðandi verkaskiptingu kom fram að einn starfsmaður fjárstýringar sér um afstemmingar bankareikninga en ekki starfsmaður bókhalds. Til að koma til móts við þennan annmarka þá var sett sú regla að bókhaldsstjóri, ásamt öðrum starfsmanni bókhalds, staðfestir afstemmingar bankareikninga. Deildarstjórar fjárstýringar og reikningshalds sendu frá sér minnisblað í febrúar 2016 um verkaskiptingu og samstarf fjárstýringar og bókhalds um afstemmingar bankareikninga.

## 8.5 Lánardrottinnar

Kröfur lánardrottinnar namu samtals 3.564,2 m.kr. í árslok 2016 samanborið við 3.277,4 m.kr. í árslok 2015.

Ákveðin regla gildir hjá Landspítala um það hvernig gjaldareikningar eru áritaðir til að koma í veg fyrir að spítalinn taki á sig skuldbindingar sem ekki eiga við rök að styðjast. Almennt er notuð sú regla að tveir aðilar koma að áritunum reikninga, annar sem þekkir best efnislega þá vöru og/eða þjónustu sem um er að ræða og hinn sem áritar reikninginn og veitir heimild til greiðslu.

Til að stemma af lánardrottna hefur sú aðferð verið notuð að valið er úrtak lánardrottna til skoðunar miðað við 31. október og 31. desember. Á árinu 2016 voru í úrtakinu 35 lánardrottmar samtals með stöður að fjárhæð 1.001,2 m.kr. Þessar skuldastöður lánardrottna hjá Landspítala eru síðan bornar saman við gögn frá viðkomandi lánardrottnum, innlendum sem erlendum.

Niðurstaða skoðunarinnar var sú að stöður allra lánardrottna í úrtakinu samkvæmt bókhaldi Landspítala var hægt að staðfesta með gögnum frá viðkomandi lánardrottnum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við vinnulag Landspítala vegna lánardrottna.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf forstjóra og framkvæmdastjóra Landspítala vegna ársreiknings 2016 dagsett í mars 2017. Staðfestingarbréf var sent til forstjóra Landspítala 15. mars 2017.

### 9.2 Lögfræðibréf

Fyrir liggur ítarlegt minnisblað frá Lögfræðideild Landspítala dagsett 27. mars 2017.

### 9.3 Óhæðisyfirlýsingar

Fyrir liggja óhæðisyfirlýsingar frá þeim starfsmönnum Ríkisendurskoðunar sem skipuðu endurskoðunarteymið sem vann að endurskoðun Landspítala vegna ársins 2016.

### 9.4 Atburðir eftir reikningsskiladag.

Fyrir liggur greinargerð frá deildarstjóra reikningshalds Landspítala um atburði í starfsemi Landspítala eftir reikningsskiladag 31. 12. 2016. Þeir atburðir höfðu ekki áhrif á reikningsskil ársins.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)